Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 6


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

36

Jeg tillader mig herved at klage til den ærede Lignings-kommission over det Ekstrabidrag, til et Belöb af 550 Kroner, som der ifölge den fremlagte Liste er blevet paalignet mig. Jeg synes at denne Sum er altfor höj naar henses til at Byfoged Jon Magnússon kun skal betale 275 Kroner, Landsekretær Klemens Jonsson kun 325 Kroner og Handelsbestyrer Ásgeir Sigurdsson ikke mere end 500 Kroner. Mine Indtægter overskride ikke 8000 Kr. og jeg har tre Börn, medens f.Eks. Ásgeir Sigurdsson efter Forlydende har 18000 Kroner i Gage om Aaret, og hvad Byfogden og Landsekretæren angaar saa er de jo begge höjt lönnede Embedsmænd, der desuden nyde den store Fordel at være pensionsberettigede.

Jeg tillader mig derfor at andrage om at Ligningskommissionen nedsætter mit Ekstrabidrag betydelig og idetmindste til 400 Kroner.

Reykjavik den 15. April 1909.

Ærbödigst

A. J. Philipsen

Til

Reykjaviks Ligningskommission.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

37.

Hjermeð leyfi jeg mjer í tilefni af því að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á mig aukaútsvar 12 Kr, að skýra frá því, að jeg frá því seinast í febrúar þ. á. þegar mjer var sagt upp stöðu minni við búðarverzlun Gunnars kaupmanns Einarssonar, hef verið með öllu atvinnulaus og verð það nú fyrirsjáanlega áfram. Beiðist jeg þess þá jafnframt, að áðurnefnt aukaútsvar, úr því svo er komið, verði alveg látið falla burt.

Reykjavík. 14 apríl 1909.
Virðingarfyllst.
Þórður Þorsteinsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38.

Tekjur kommunar

Aukaútsvar það sem mér er gert að skyldu að borga er of hátt í samanburði við aðra.

| | | |
|---|---|---|
| Laun mín eru | | Kr: 2650.00 |
| þar frá dregst: | | |
| Húsaleiga fyrir afgreiðslustofuna | Kr: 240.00 | |
| Ljós, hiti og ræsting á henni um | — 60.00 | |
| Fyrir útburð á seðlum o.fl. minst | — 150.00 | |
| Fyrir aðstað við rekstur starfsins á ári að minsta kosti | — 400.00 | = 850.00 |
| Laun mín eru því í hæsta lagi | | Kr: 1800.00 |

Margir eru með sömu laun sem minna gjald hafa og enda sumir með hærri laun og lægra gjald, til sönnunar nefni eg: Júlíus Halldórsson lækni
Þorkel Þorláksson skrifara
Pétur Zóphóníasson bankaritara
og fleiri sem hægt væri að benda á. Þessutan hefi eg 4 börn frá 12–1 3/4 ára til framfærslu, móti því sem sumir af þeim er eg nefndi hafa fyrir engum ómega að sjá. Aukaverk sem eg hefi að undanförnu fengið þóknun fyrir hefi eg nú orðið að fela öðrum vegna annríkis við gjaldkera starf mitt.

Eg vona að hin heiðraða Niðurjöfnunarnefnd sjái sanngirni í kröfu minni og lækki gjaldið.

Virðingarfylst,
Reykjavík 16. apríl 1909
Bergþór Jósefsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

39.

Reykjavik, den 25 Marts 1909.

Til

Skatteligningskommissionen

R e y k j a v i k

I Anledning af at jeg er blevet sat i Skat til Kr. 110.- tillader jeg mig herved at protestere imod en saa høj Skatteansættelse. Min Indtægt var i 1908 Kr. 2400 og fra 1 Januar d. A. er min Gage sat op til Kr. 2500 -, hvilket den ærede Kommission vil kunne faa bekræftet ved Henvendelse her i Banken.

Forskellige af mine Bekendte, der have en lignende Indtægt som jeg, betale ikke mere end et halvt Hundrede Kroner i Skat og jeg tillader mig at anmode om at blive sat paa samme Fod som disse.

Med Højagtelse

Asfred Bayer

Korrespondent ved Islands Bank

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

40, a og b).

Þar sem mjer er gert, að borga í útsvar (bæjargjald) 16 kr og móður minni í öðrulagi 8 kr þá skil jeg ekki í að niðurjöfnunarnefndin hafi tekið á nákvæmni sinni við okkur í samanburði við marga aðra, Móðir mín er   ára gömul heilsulaus og atvinnu laus nema hvað hún er að hjálpa sjer með vatnssóknings-und með veikum kröftum,
Jeg er eins og svo margir aðrir unglings piltar, uppalin í fátækt og alefna laus; hef atvinnu með köðlum og legg það sem jeg inn vinn mjer, að frá dregnum fatnaði til heimilis eða hjálpar móður minni svona berjumst við við áfram í fátækt; Nú þykist jeg ekki þurfa að taka neinn til samanburðar, til þess að orðlengja þetta ekki um of, Jeg einungis óska þess að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi gjald mitt niður um helming og burt nemi alveg gjald móður minnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því það virðist nóg, að við báðir alslaus borgum 8 kr í bæjargjald í samann burði við aðra marga, treistandi yður til að yfir vega þessa um kvörtunn okkar, nákvæmlega á sinum tíma.

Virðingarfyllst

Reykjavík 7. apríl 1909.

Þorfinnur Júlíusson
Laugaveg No 19.

Sólveig Nielsdóttir
s. st.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

41

Hjer með vil jeg leyfa mjer að tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd óánægju mína yfir útsvari því er hún hefur gjört mjer að greiða þetta ár.

Jeg get ekki skilið á hverju hún byggir þetta háa útsvar, einsog nú árar hlýtur öllum að vera ljóst að tekjur mínar geta ekki verið háar. Síðast liðið ár hef jeg haft 8 mánaða vinnu, og eignir á jeg engar aðrar en hálfa húseignina Númer 4 Miðstræti, og í henni skulda jeg 7,500 krónur, svo varla er hægt að leggja mikið á það. Þá mjer þætti útsvar mitt of hátt í fyrra gat jeg ekki verið að kvarta, en nú er það stendur í stað í langtum verra ári, og útlitið með vinnu er ekki skárra, er jeg knúður til að fara þess á leit að það verði lækkað.

Jeg vil leyfa mjer að taka til samanburðar við mig fyrst Lange málara sem er eigandi á 3 eða 4 húsum hjer í bæ, og getur haft sama atvinnu og jeg, en hefur samt ekki nema 60 krónur útsvar.

Þar næst Svafar Sigurbjörnsson Kontorista hjá Thor Jensen með 12 hundruð króna launum (svo hátt kemst jeg ekki) og hefur hann þá aðeins 16 krónur útsvar. Ennfremur Arna Jónsson bókhaldara Völundi með 2000 króna launum en ekki nema 65 króna útsvari

Og ennfremur Jón Halldórsson Skólavörðustíg 6. B með 12 til 15 hundruð króna launum minnst en ekki nema 25 króna útsvar.

Jeg get svo ekki verið að telja upp fleiri til samanburðar því jeg vona að nefndin sjái að hjer er framið stórt ranglæti og ójöfnuður á mjer og krefst að hún lækki á mjer hið nýálagða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sveitarútsvar niður í að minnsta kosti 40 krónur.

Reykjavík 16 April 1909

Virðingarfyllst

Jón Reykdal málari

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

42.

Reykjavík 14/4 — 09

Jeg undirrituð vil hjer með leifa mjer að kvarta undan aukaútsvari því sem niðurjöfnunarnefnd-in hefur úthvarðeð mjer að borga sem er 10 Kr. og jafnframt syni min-um Ásmundi 8 Kr.
Jeg veit það að niðurjöfnunarnefnd-inni hefur ekki verið kunnugt um ástæður minar
fyrir 7 árum fluttist jeg til Reykjavíkur og misti jeg þá mann-inn minn Magnús Snorrason ári síðar frá 9 börnum okkar þá lifandi af 12 við vorum bláfátæk og gjörði margir á mjer gustuka verk og hjálpuðu mjer með börn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo að jeg kringum til hefi ekki
þurft að þiggja af fátækrafje
Elsti sonur minn Ásmundur sem
er 18 ára er nú farinn að hjálpa
mjer enda getur hann ekkert borið
úr býtum nema föt á sig
Jeg er nú orðinn mjög heilsu
-bilud eptir erviðar kringum
-stæður í lífinu og því ekki orðin
til vinnu
Jeg vonast til að gjald okkar
verði fært þannig niður að
það verði eptir því minnsta
sem jafnað hefur verið niður
á húskonur og unglinga
Með virðingu
Hverfisgötu 22
Oddný Jónsdóttir

til niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

43

Þegar eg las Niðurjöfnunar skrána sá Eg að útsvar mitt stóð í stað frá í fyrra — 16 krónur og var auðsjeð á því að nefndarmennirnir hafa verið ókunnugir ástæðum mínum og þó eg munn- lega í fyrra ætti tal við Formann nefndarinnar hefur það gleymst. Nú hef eg legið í rúminu í 4 mánuði og 5 mánuði sem eg hef verið á skriði og er svo enn að eg má Ekki og get Ekki nokkurt verk unnið svo eg hef hlotið að þyggja styrk til að halda lífinu í konunni sem er sár heylsutæp og svo barni og þegar nefndin fær nú þessa vitneskju um kjör min vil eg óska að henni hugkvæmdist að draga úr þessu háa gjaldi, því eg er viss um að það er öllum auðsjáanlegt að eg ris Ekki undir þessu því eg er alveg óviss um hvenær eg kjemst til að geta unnið og má heldur Ekki reina neitt á mig fyrri en ef það kynni að verða seynast í Júli Ef eg þá held út með að kaupa meðöl sem vansjeð er að öðru leyti væri velkomið að láta skoða Efni min

Virðingarfyllst

Bergi við Grundarstig 14 April 1909

Gunnar Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44.

Reykjavik 16 April 1909

Hjer með leifi eg mjer að skrifa
hinni háttvirtu Niðurjofnunarnefnd
út af útsvari mínu sem mjer
er gjert að greiða í Bæjarsjóð
Reykjavíkur 1909 sem er að
uppæð 25,00 þar sem eg
hef undanfarandi Ár
borgað 15,00 og sem er Sangjarnt
gjald þar sem eg hef aldreig
náð sjöghundruð krónum
í Árs tekur og er nú 65 Ar.
og Bústýran mín 60 ár
Svo eg skil ekki í þessari
hækun Jeg hef Arið sem leið
bygt hús sem er virt á 6500
þar af er lán á því í Söfnunarsjóð
2200 kr og með veðum panti
hjá skipstjóra Friðrik Ólafssyni
2000 kr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo Nefndinn getur nú séð
með þessu bréfi eingar
minar og tekur eg venast til
að nefndinn lækkigjaldinett
niður i 15k Lemaðir var

Reykjavik 17 April 1909

Virðingarfylst

Bjarni Mattiasson

(hringari)

Til Niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45

Hér með leyfi eg mér að bera mig upp undan útsvari því, 8 Kr, er á mig hefir verið lagt nú árið 1909.
Eg er orðin 54 ára gömul og er heilsulítil, hefi misst manninn minn fyrir 2 árum og hef enn eigi fengið greitt að fullu kostnað þann, er leiddi af langvinnri legu hans. Eg á 2 drengi, annan 19 ára, hinn 14 ára. Eldri drengurinn vinnur nú fyrir heimilinu eftir megni; hann fær 35 Kr. í kaup á mánuði við verzlun hjá Sv. Sigfússyni.
Aðrar atvinnutekjur hefir heimili mitt ekki.
Af téðum ástæðum mælist eg til, að útsvar mitt verði lækkað í þetta sinn, þar sem ástæður mínar eru ekki betri en að ofan er greint. Reykjavík, Þingholtsstræti 26. 17/4 1909

Virðingarfylst
Margrjet Þorsteinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

46

17 april 1909

Jeg undirrituð leifi mjer virðingarfilst að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hún færi niður aukaútsvar mitt, sem er 20 kr fyrir þettað ár. Þar, sem að eins er annar sonur minn 17 ára, sem fær er um að vinna, enn sá eldri, hefur verið meira og minna undir læknishendi í rjett að seigja ár og getur alls ekki enn unnið nokkra stranga vinnu. Jeg treisti því að hin háttvirta nefnd verði við þessari bón minni af ofangreindum ástæðum

Margrjet Jónsdóttir ~~[illegible]~~

Bakkastíg 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

47

Undanfarin ár hefi jeg á hverju ári ætlað að kæra yfir útsvari mínu, en það hefur þó farist fyrir af ýmsum ástæðum, aðallega af því að engin hefur verið, og er það ólöglegt, en í þetta sinn þykist jeg vera tilneyddur að láta verða af því.

Jeg sje að engin er gjört að greiða sama útsvar sem í fyrra. og hafði jeg þó búist við því, að það yrði lækkað til muna af þeirri ástæðu, að jeg hefði kongurst frá því síðast var lagt á mig. Við kornfangið varð jeg að skipta búi mínu og standa skil á móður-arfi barna minna, og auk þess varð jeg að tryggja konu minni lögboðinn erfðafjár-hlut fastan eyri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en til þess gagna sakir aldurs-
innar okkar hjóna, fulla 400
krónur árlega. Þessar ástæður
voru að mínu áliti nægar
til þess að lækka útsvarið að
mun, og býst jeg við, að hin hátt-
virta niðurjöfnunarnefnd hafi
eigi athugað þessi atriði fyr, en
komist nú að raun um við
nánari íhugun, að útsvarið sje of
hátt sett.

En þó gengið væri út frá, að
ástæður mínar væru ótryggar,
þá er það þó ofhátt í saman-
burði við ýmsa, og skal jeg í því
efni einungis leyfa mjer að nefna
herra lagaskólastjóra L. H. Bjarnason,
ástæður okkar eru mjög svipaðar
eins og nú skal sýnt.

1. Jeg hef 6000 kr. í árslaun. Hann
hefur sem lagaskólastjóri 4000 kr.
sem bankaráðsmaður hefst hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1765 krónu árið sem leið og í að
sennilega eitthvað hærri, og auk
þess í að sjá að kostnaðarlaust
kaup sem alþingisgjörnaðar.

2 Við eigum jafnmörg börn báðir, en
hans börn eru yngri, og því tiltölu-
lega eins kostnaðarsöm og mín.

3. Eftir hans þeirra þó skuldir en get
ímyndað mér, að þær séu eigi
minni en mín, en af mínum
efnum er það að segja, að þær
eru við skiptin reiknuð til 12.
000 króna. Af þeim ganga til
barna minna 4500 k., og aðar
hefi þó orðið að taka privatlán
upp í 1500 k. sem að mestu hefur
orðið eyðslueyrir.

Þar sem herra L. H. Bjarna-
son er gjört að greiða 275 krónur,
sem þó álít hafi legt útsvar, og
þar sem eigi samkvæmt framan-
ritaðri fórnst, að eigi með
engu móti verið gjört hærra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvar, verð jeg að krefjast þess; að útsvar mitt verði fært niður um 50 krónur.

Reykjavík, 16. apríl 1909.

Virðingarfyllst

Kl. Jónsson

landritari

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

48.

Mjer kom það á óvart að hin heiðraða niðurjöfnunar-nefnd skyldi ekki neitt lækka útsvar mitt í ár, – þar sem hún hefir komist hjá að lækka á svo ótal mörgum mínum líkum. ~~þar sem~~ Ýmsir þó í þessari nefnd hljóta að vita, að jeg hef ekki getað ~~unnið~~ neitt stundað, eða mátt standa vinnu nú í 1½ ár eða síðan í ~~okto~~ober 1907. Fyrir heimilinu er því ekki til að vinna fyrir, nema 19 ára drengur, sem stundar þó óvissa vinnu, það vita víst allir að margir piltar eru að læra eitthvert handverk, en þeir heldur til að þyngja á manni en hitt, og svo er um hinn drenginn minn.

Það var fyrir 1½ ári að jeg lá í blóðspýju, og síðan er heilsa mín svo að ef jeg reyni eitthvað á mig, verð jeg að liggja. Það er því ósk mín að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki þessar línur mínar til greina, og lækki útsvar mitt.

Ráðagerði við Reykjavík 8 apríl 1909.

Einar Björnsson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

49

Þar sem eg hefi fengið seðil
uppá 14 kr útsvar þykir mjer það
ekki vera sem rjettlátast í samanburði
við aðra mjer efnaðri menn og vil eg til-
nefna 2 aðra. Eg hef ómaga fyrir 80 kr
um árið og er þitt við kör og er það vægt
meðlag svo 2 börn sem eg á atvinna mín
mjög stopul og innkendi iðuglega lítið
Sigurður í Lindarhúsi 17 með 1 barn á
að gjalda 16 kr og má kallast vel efnaður
Halldór Guðmundsson Lindargötu 9 með
14 ára gamalt barn á að greiða 12 af þessum mönnum
er eg sannarlega fátækastur og skal þó
gjalda mjög líkt gjald eg gæti talið fleyri
til jafnaðar en læt þettað gilda til þess að
eg vona að gjald mitt mætti dálítið lækka
og vona að það verði tekið til greina sem
eg hefi borið fyrir mig og það virðist sann-
gjarnt að gjaldið mætti verða minna

Virðingarfyllst

Laufásveg 27 – 16 April 1909

Sigbjörn Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

50.

Eg undirritaður leyfi mér, hér með að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunar-nefnd Reykjavíkur, að hún lækki á mér útsvar það að upphæð 25 krónur, er hún hefur lagt á mig, því fyrst var eg hálft síðastliðið ár við lærdóm í Danmörku og skuldaði þar af leiðandi töluverða upphæð, sem eg verð að borga þetta yfirstandandi ár, og í annan stað verð eg að sjá um lífsviðurværi gamalla foreldra sem eru heilsulítil (Móðir mín heilsu-laus, undir læknishendi), og í þriðja lagi hefi eg víða rekið mig á í niðurjöfnunarskránni að menn sem hafa haft atvinnu allt árið og eru þar að auki lausir og liðugir hafa töluvert minna útsvar og vil eg leyfa mér að nefna sem dæmi: Kristján Sighvatsson skraddara, og Ögmund Sigurðsson skraddara

Þetta vona eg að hin háttvirta nefnd taki til greina

Virðingarfyllst

R.vík Skólavörðustíg 15 18. apríl 1909.

Halldór Hallgrímsson
klæðskeri

Til formanns niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

51.

Þar sem jeg undirrituð hef átt heimili í Stykkishólmi undanfarin 16 ár og öll þau ár, að undanteknu einu ári, hef jeg borgað þar öll lögboðin gjöld, enda þótt jeg hafi stundum verið í vinnu annarstaðar vetrarlangt, þá sje jeg mig eigi skylda til, að borga hjer til Reykjavíkurkaupstaðar aukaútsvar það, er á mig hefur verið lagt, að upphað 4 krónur.

Þessari ástæðu minni til staðfestu get jeg síðar sent vottorð frá hreppsnefndinni í Stykkishólmi.

Virðingarfyllst

Kla 1. Reykjavík 17. april 1909

Valgerður Jónsdóttir

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52.

Jeg andrager herved, den ærede ligningskommission om at faa min skat, der er opfört paa skattelisten til kr. 60.-, nedsat, da jeg finder at jeg er for höit skattelagt i forhold til flere andre paa skattelisten f. eks. herr verksmester Aspelund, fabriken "Skjaldbreid"; især da jeg har kone og 3 barn boende i Bergen, Norge, hvoraf 2 gaar i skole, som jeg alle maa underholde, af hvad jeg her tjener, foruden hvad det koster mig at leve i Reykjavik, hvortil medgaar omtrent min halve lön. Min lön ved fabriken "Iðunn" er for 1909 kr. 1800.- og har jeg ingen andre indtægter.

Ærbödigst

Reykjavik den 17 april 1909. Hans Christensen.

Til

formans niðurjöfnunarnefndarinnar i

Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

53.

Hér með neiðist ég til að gjöra
um kvörtun, til yðar háttvirta niður-
-jöfnunar nefnd út af álagi því er
þjer ætlið mjer alslausum manni að
greiða í bæjarsjóð, nefni lega 16 krónur
jeg er þó ungur sje al heilsu protin
maður af innvortis sjúkdóm og get þess
vegna ekkert unnið ég hef konu og 1.
barn um þá. Til saman burðar tek ég
þá: Magnús L. Hjaltasón sem hefur
fasta atvinnu og er einhleypur
hann á að borga 6 $^{Kr}$ og Árni S.P.
Sigurbjörnsson járnsm. er giptur maður
albarn og ómagalaus og er húseig=
-andi hann á að borga 14. krónur.
þetta þykir æði til finnanleg
ónákvæmni og óska ég að þjer takið
þetta erindi til yfir vegunar, í sem
fæstum orðum er það krafa mín að
mitt útsvar verði fært niður um
helming í 8 $^{Kr}$ og þá hækkað á áður
nefndum mönnum þess í stað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eda hvernig þjer viljið það hafa
skiptir mig engvu;
um Kvörtun þessi er eða á rót
sína að rekja til heilsuleysis míns
því þegar efnin eru engin og
önýt heilsa þá veit ég ekki hvar á
að taka peninga til að borga með
álög, treistandi yður til hins
besta í þessu Virðingarfylst

Reykjavík Grettisgötu 51.
19–4'09.

Baldvin Bjarnason

Til
~~Fátækr~~ Niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

54

Eptir að hafa sjeð niðurjöfnunarskrána, hefi jeg veitt því eptirtekt að útsvar mitt samanborið við hjúkrunarnemana í Laugarnesi, sem ekkert er á lagt á. Er hvorra enn svo að jeg getti gjört mig ánægða með það, þegar þess er gætt að jeg er að eins hjúkrunarnemandi hjer.
Og krafa minnar er að útsvarið verði að minsta kosti lækkað.

14/ april 1909

Sedverkra-holid kloppi

virðingarfillst

Sigríður Guðjónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

55

Sökum þess að jeg hefi fengið fullvissu fyrir, að á mig hefur verið lagt Aukaútsvar 4 kr. fjórar krónur. þá leyfi jeg mjer virðingarfylst að fara þess á leit við hinu háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur-kaupstaðar, að hún nemi burt þetta aukaútsvar mitt. og jeg verði að öllu leiti laus við gjald þetta af þeim ástæðum sem jeg skal greina:

Jeg er fátæk ekkja og vinn fyrir ungu barni mínu og hefi ekki neitt aflögu, þar eð það kaup sem jeg fæ hrekkur naumast til að klæða mig og barnið, enn barnið er með mjer.

Jeg hefi verið vinnukona síðan jeg kom til Reykjavíkur, hjá herra Guðbjarti Helgasyni á Skála við Grundarstíg, mjer í bænum.

Jeg vona að þjer bíðni mín verði tekin til greina af hinni háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur.

Skála við Grundarstíg
Reykjavík 17. Apríl 1909

Virðingarfylst

Margrjet Jóhannsdóttir

Til

Niðurjöfnunarnefndar, Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

56.

Við undirskrifuð, sem erum skriflega trúlofuð, og höfum búið saman síðastliðin 2 ár, en sökum fátæktar eigi getað gipt okkur, höfum nýlega fengið 2 aukaútsvars-seðla – sinn hvort okkar – annan uppá 8 kr. en hinn 6 kr., samtals 14 krónur; en sökum örbyrgðar okkar er okkur ómögulegt að geta innt svo hátt gjald af hendi.

Jeg, Jórunn Jónsdóttir, sem er fertug að aldri og hefi ávalt verið vinnukona þangað til nú fyrir 2 árum, er fátæk og á engar eigur til; en á 2 börn sitt með hvorum föður, annað 7 ára en hitt 5 ára. Faðir eldra barnsins dó þegar það var á 1. ári; en faðir þess yngra lifir enn, og borgar hálft meðlag með því að sínu leyti. Er með báðum þessum börnum mínum verð jeg að borga hálft meðlag frá minni hálfu að því leyti, sem mjer er það unnt. Ganga því til þess að borga þessi meðlög öll vinnulaun mín, sem aðallega eru fyrir „eyrarvinnu,“ og hrökkva þau tæplega til þess að jeg geti staðið í skilum með meðlag barna minna. Það er því síður en svo, að jeg hafi afgang frá heimilis þörfum okkar, að jeg geti borgað neitt bæjargjald. Í fyrra voru reyndar lagðar á mig 10 kr. í aukaútsvar til bæjarins, en ekkert á Friðgeir þá, Það gjald höfum við nú í sameiningu borgað, en hamingjan veit að okkur veitti það örðugt.

Jeg, Friðgeir Sveinsson, er 33 ára gamall, er bláfátækur, hefi að æfraði verið mjög heilsulítill og legið 3 stórlegur í lungnabólgu, og hefi því lengi ekki verið fær um neina örðuga vinnu; er kalinn á báðum fótum og á því illt með að ganga. En það sem allra bágast er, er það að jeg nú er orðinn svo sjóndapur, að jeg ekki get unnið neitt sem almenna sjón þarf til, get að eins ratað um kunnuga vegi þegar bjart er, en á mjög bágt með að forðast torfærur á götum bæjarins hvað lítið sem skyggir. Það eina, sem jeg get gjört og gjöri mjer til lífsframfæris er það, að jeg sæki vatn í 5 eða 6 húsum hjer í bænum, og á því sem jeg fæ fyrir það verðum við bæði – jeg og unnusta mín – mestmegnis að lifa, því vinnulaun hennar verða, eins og áður er frá skírt, aðallega að ganga til meðlags með börnum hennar; er því auðsætt að við verðum að lifa með sparneytni og af skornum skamti til þess að geta komizt af hjálparlaust.

Auk nauðsynlegs íverufatnaðar og sængurfatnaðar í eitt rúm, eru eigur okkar og innanhúsmunir, svo teljandi sje, eigi aðrar en 1 skápur, 1 kista, 1 koffort, 2 borðskriflir, 2 gamlir stólar og gamall lampi.

Af framangreindum ástæðum leyfum við okkur að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún láti helzt af öllu framangreind

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aukaútsvör okkar fyrir þetta ár algjörlega falla niður, eða að hún að öðrum kosti leggi á annaðhvort okkar að eins 4 krónur, en ekkert á hitt okkar, því svo lága upphæð mundum við reyna að hafa einhver ráð með að kljúfa fram úr að borga í tæka tíð. Það er alls ekki af því að við ekki _viljum_ borga hæfilegt gjald til bæjarins ef við værum þess umkomin, heldur af því að ástæður okkar hamla okkur frá að _geta_ innt það af hendi.

Aðalstræti 18 í Reykjavík, 18. apríl 1909.

Með auðmýkt og virðingu.

Jórunn Jónsdóttir. Friðgeir Sveinsson.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

57.

Mér hefir verið gert at greiða 4 kr. útsvar til bæjar-
sjóðs Reykjavíkur þ.á. Ég skal nú leyfa mér að skýra
háttvirtri niðurjöfnunarnefnd frá högum mínum.
Fyrir nokkrum árum lá ég langa legu á spítala hér
í Reykjavík. Þá eyddist mér það litla, sem ég átti, og þó
meira, því ég varð at taka lán til at greiða að fullu
legukostnað og lækniskostnað. Síðan hefir heilsa mín
alltaf verið á veikum fæti og hefi ég orðið að verja tölu-
verðu til lækninga. Nú hefi ég enn í vetur orðið að
liggja alllengi á spítala og er nýkominn þaðan, en á eftir
til nokkurra vinnu og mjög tvísýnt at ég verði vinnu-
fær fyrst um sinn. Ég er nú með öllu fjelaus.
Af því at ég er í vist, fæ ég framfærslu til vinnu-
hjúaskildaga í vor á heimili mínu. Eftir verð ég
ekki þá fær um at verða matvinnungur – sem mjög
er tvísýnt – veit ég ekki hvað við tekur fyrir mér.
Þegar nú svona er ástatt fyrir mér, sé ég ekki at
rétt geti verið at ætla mér at greiða neitt sveitarútsvar
og leyfi mér því at fara fram á, at útsvar mitt falli
niður alveg. Þar sem ég fer fram á það, en ekki út-
svarslækkun, þykist ég ekki þurfa at taka neinn
til samanburðar. Ef þyrfti ég þess, gæti ég til-
nefnt allar vinnukonur í bænum þær sem hafa
bærilega heilsu eða eiga útistandandi fé, at ég tali nú
ekki um efnaðar ekkjur, eða ekkjur embættismanna,
sem hafa eftirlaun og lífsábyrgðarstyrk, en litlu
eða engu hærra útsvar en ég, fjelaus og heilsulaus

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vinnukona, sem litla von hefi um að geta komist af hjálparlaust næsta ár.

Reykjavík 14. april 1909

Virðingarfyllst

Sveinbjörg Sveinbjarnardóttir

6
Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg get vottað það, að það sem Svein-
björg Sveinbjarnardóttir segir í bréfi
þessu um heilsufar sitt, fjárhag sinn
og aðrar ástæður sínar, er að öllu leyti
rétt hermt.

Rvík, Laufásveg 44., 19. apr. 1909.

Guðmundur Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

58.

Hérmeð gefst hinni heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd til vitundar að ég undirrituð get ómögulega borgað þettað gjald sem hún leggur á mig. því mínar á-stæður eru sannarlega báar ef þær væru útlistaðar til grunna.

Samkvæmt vottorði því sem hér er með vona ég að ég verði gjald frí í þettað sinn. 17 april 1909

Nýlendugötu 21
Reykjavík
Guðlög Árnadóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðlaug Árnadóttir Nýlendugötu nr. 21 hefur allt undanfarið að verið mjög heilsulítil og alls ekki verið fær um að ganga til allra verka. Enginn má geta þess að hún lá núna tvo mánuði á spítala.

Rvík 5/4 07

Matth. Einarsson
læknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

59.

Jeg undirrituð vil hjer með mælast til þess við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að hún felli burtu aukaútsvar, að upphæð 4 krónur, er hún hefur lagt á mig. Sem sönnun fyrir því, að jeg sje ekki fær um, að borga það, skal jeg gefa þær upplýsingar, að jeg er heilsulítil og á sextugs aldri og hef engin efni við að styðjast á nokkurn hátt. Jeg hef ofan af fyrir mjer með því að hafa menn í þjónustu, og nægir slík atvinna aðeins fyrir húsnæði og lítilfjörlegu fæði.

Virðingarfyllst

Reykjavík 17. apríl 1909

Vilborg Sigurðardóttir

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

60.

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

Með brjefi þessu leyfi eg mjer að fara þess á leit við niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að fá lækkað aukaútsvar mitt, sem henni hefur þóknast að láta vera 20 krónur, og tel eg til þess ástæður þær. fyrst að eg í efnalegu tilliti er ekki fær að borga svo hátt útsvar, og að öðru leyti, að svo mikil veikindi hafa heimsókt heimili mitt þennan vetur sem hafa reitt út hvern eyrir og meira til, þar sem móðir mín hefur legið rúmföst í allan vetur í þungum sjúkdómum sem leiddi hana til dauðans, auk þess lá eg sjálfur í 6 vikur í taugaveiki.
Eg hefi líka verið atvinnu laus yfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessum veikindum, og á því á
margan hátt mjög þröngva kosti,
eg fer því fram á að útsvar mitt
sje fært niður í 10 krónur

Með vinsemd og virðingu

20/4

Sigurgeir Jóhannsson
Laugaveg 75

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

61

Velæruverðugur Borgarstjóri

Hér með gefst yður til vitundar að ég undirritaður er ekki ánægður með bæjargjald það er á mig er lagt af hinni Heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd hún leggur á mig 14 kr. fjórtán krónur bæði nú og í fyrra en ég er komin á sextugs aldur og hef legið í Slæmum sjúkdóm í 3 mánuði báða þessa vetur. Svo hef ég fyrir tveimur börnum að sjá. Ég veit ekki hvart ég þarf að taka mér jafnaðarmenn en það sjá allir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að það er hjá mörgum
fastlaunuðum mönnum
ekki meyra. og sumum minna
það er því ósk mín að
biðja yður um að leggja yðar
á lit hvort yður synst ekki
mega draga dálítið úr
þessu galeti mínu. því einu
hef ég haft rúman mánuð
enn nú er búið að vísa mér
frá sem fleyrrum

. virðingar filst Reykjavík
vestur götu 32 1 april 1902
Einar Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

62.

Reykjavík 17/4 1909

Háttvirti herra borgarstjóri!

16 þ. m. barst mér útsvarsreykningur, og samkvæmt þeim reikningi er mér ætlað að greiða þrjátíu krónur í bæjarsjóð 1909. Sem aukaútsvar,

Þar sem ég er eignalaus maður og hef að eins sjötíu og fimm krónur í mánaðar kaup, þá finn ég fulla ástæðu til að krefjast niðurfærslu á útsvari þessu.

Skal ég til samanburðar nefna póstþjónana Þórð Sveinsson, Pál Steingrímsson og Þorstein Jónsson.

Guðm. Sigurjónsson
Ingólfsstræti 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

63.

Ég undirritadur finn mig knúdann til ad gjöra umkvörtun út af útsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefr lagt á mig fyrir yfirstandandi ár. —

Mesta ástæda til þess, ad eg fer fram á ad fá gjaldid lækkad, er, ad eg á vid erfid kjör ad búa hvad heilsufar snertir. Því skömmu eptir ad eg var kominn til sjós í vetur, veiktist eg og hef verid vid rúmid sídan; hafa læknar sagt mér, ad eg mætti ekki reyna á mig lengri tíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það er því útlit fyrir að yfirstandandi ár færi mér fremur kostnað en ábata.

Reykjavík, Grettisg. 19C. - 14. apr. 1909.

Jón J. Myrdal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

64.

Reykjavík 22. marz 1909

Til Hinnar Háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd
Hjer með leifi jeg mjer að kjæra útsvar mitt fyrir hvað það er hátt í samanburði við aðra sem eiga að gjalda sama og jeg og minna sumir.

Jeg get tekið til dæmis.

Odd Helgason Hlíðarhúsum með 16 krónur
Harald Sigurðson Króki með 16 krónur
Sigurð Pjetursson Skólavörðustig 9. með 20 krónur
Sigurð Sigurðson Mýrargötu 3. með 20 krónur
Jón Einarsson verslm. Nýlendugötu með 16 krónur

Og svo gæti jeg talið í það óendanlega, af mönnum, sem eiga að gjalda sama og jeg, en eru bæði húseigendur og lausamenn, stór efnaðir og hafa fyrir engum að sjá. Ef þið trúið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki þá getið þið komið og litið
á efnin hjá mjer.

Með virðingu

Þorkjell Sigurðson
Nýlendugötu 22.

Ekki sint: hefir 2 vinnandi menn
alt fólkið vinnandi og fínan
bústað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

65.

Eg undirskrifuð hefi lesið í
niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur
fyrir yfirstandandandi ár, að
mér sé ætlað að greiða 16 krónur
í bæjargjald. Leyfi eg mér því
að kæra þetta fyrir yður herra
borgarstjóri, og mega allir sjá
hversu órétt muni, að leggja
svo hátt gjald á mig, eignalausa
og ellihnigna. — Og þótt Valdi-
mar sonur minn hafi talist til
heimilis hjá mér, og skiljast ætti
svo, að gjald mitt sé jafnframt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjald hans (: V), þá nær það heldur engri átt, að hann gjaldi svo hátt bæjargjald.

Verði Valdimar hjá mér framvegis, virðist sanngjarnt, að hann greiði til bæjar 5 krónur eða svo; en biðjast vil eg þess, að eg verði látin gjaldfrí hvað bæjargjöld snertir, enda mun eg ekki greiða slíkt gjald án þess, að þar til verði beitt þvingunarlögum.

Reykjavík, 6. apríl 1909.
Guðrún Jónsdóttir
Laugaveg 27.

Til
Borgarstjóra Páls Einarssonar
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

66.

Hjer með leyfi jeg mjer að kæra til háttvirtrar niðurjöfnunarnefndar útsvar mitt þessa árs, sem mjer finnst fjarri öllum sanni bæði í sjálfu sjer þarsem jeg sem saumakona hef fengið mjög lágt kaup undanfarið, varla hærra en hver vinnukona hefur, og nú síðan mjer hef lítil og stopul atvinna haft, það að mjer fyrir jólin var sagt upp vinnu á saumaverkstæði Guðm. Sigurðssonar, þar sem jeg áður var – fyrir utan þess þess er gætt, að jeg, sem er heilsulítil, ekki get farið í vist, og get jeg ef þarfa þykir lagt fram læknisvottorð um það, liggur það í augum uppi, að jeg, sem er alveg efnalaus, hlýt að eiga tölvert erfitt uppdráttar. Einnig í samanburði við aðra gjaldendur hjer í bæ er útsvar mitt of hátt og mætti jeg þar til nefna flestar saumakonur og búðarstúlkur, en skal láta mjer nægja, að tilnefna þessar til samanburðar:

1. Guðrún Benónýsdóttir, Þingholtsstr. 11, saumakona á verkstæði Jórunnar Guðmundsdóttur, heilsugóð, hefur fasta atvinnu gegn góðu kaupi, einhleyp, en hefur ekki nema 6 kr. í útsvar
2. Guðrún Gunnlaugsdóttir, Vesturgötu 5, saumakona á kápuverkstæði Elínborgar, einhleyp, heilsugóð, hefur fasta atvinnu en þó ekki nema 4 kr. í útsvar.
3. Borghildur Jóhannsdóttir, Miðstræti 6, saumakona

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á verkstæði H. Andersen & Sön's, einnig einhleyp, hefur fasta atvinnu allan ársins hringinn, mjög gott ~~gott~~ kaup og töluvert hærra, en jeg nokkurn tíma hef haft, en henni er gjört 6 kr. í útsvar.

4. Sæunn Bjarnadóttir, Lækjargötu 12 A, hefur ágæta atvinnu og stöðuga sem hreinsunarkona, er einhleyp og heilsugóð; henni er gjört 4 kr. í útsvar.

5. Sigurborg Jónsdóttir, Hverfisgötu 2; er búðarstúlka hjá Thomsen, hefur áreiðanlega betra kaup en jeg, er einhleyp, heilsugóð og hefur fasta atvinnu. Útsvar hennar er 4 kr.

Samkvæmt þessu, sem jeg nú hef skýrt frá, finnst mjer að útsvar mitt hafi verið sett allt of hátt og hefði því hjá mjer átt, að það sje fært niður að minnsta kosti ofan í 4 krónur, sem mjer þó þætti full hátt í samanburði við þær stúlkur, sem jeg að ofan hef tilnefnt.

Reykjavík 19. apríl 1909

Með virðingu

Guðbjörg Jónsdóttir

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

67.

Ég sé það á útsvarsseðli, sem ég nýskeð hefi meðtekið, að mér hefur verið gjört að skyldu að greiða 8 krónur í aukaútsvar.

Þar sem ég hefi verið hjúkrunarnemandi hér í spítalanum aðeins síðan í haust síðastliðið, og hefi því sama sem ekkert kaup fengið, þá leyfi ég mér að krefjast þess að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur færi þessa árs útsvar mitt niður í 5 krónur.

Álít ég það vera fyllilega næg ástæða fyrir þessari kröfu minni, að benda á það, að hinar aðrar hjúkrunarkonur hér, hafa 6 krónu útsvar, svo ég efast ekki um að mér verði sýnd sú sanngirni, að ég ekki þurfi að borga meira en þær tiltölulega. —

Virðingarfyllst,

Kleppi við Reykjavík 19. April 1909
Þuríður Jónsdóttir

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

68.

Er eg leit á niðurjöfnskrá Reykjavíkur þessa árs, þá sá eg að á mig hefur verið lagt 16 krónu útsvar.

Eg er og hefi ~~ávalt~~ verið, nú undanfarandi ár, vinnumaður hjá mínum ellihrumu og fátæku foreldrum, og á því engin efni til sem mér verði gjört að skyldu að borga ~~til~~ sveitar útsvar af.

Því er það álit mitt að ranglega hafi mér verið gjört hið áðurnefnda útsvar, og leyfi eg mér því til sönnunar að benda á tvo menn, sem eg þekki og veit að eru allvel efnaðir menn, til samanburðar.— Þessir menn eru þeir herrar Kr. Houben v.m. í Landakoti og Jóhann Helgason v.m. í Þingholtsstræti nr.: 1.— Á báða þessa menn hefur verið lagt 8 krónu útsvar.—

Krafa mín er því sú, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur mætti þóknast, að færa útsvar mitt niður í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8 krónur, eða til vara að hækkað sé
útsvar áðurnefndra manna uppí 16 krónur
Svar þessu viðvíkjandi óska eg að
fá sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

Reykjavik 17. April 1909

Sigurður Hjörleifsson
Njálsgötu 58

Faðir hans lækkaður og ekkert lagt á bróður
hans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stúlka þessi var til lækninga hér í bænum um tíma í vetur, en er nú farin vestur í Patreksfjörð.

Rvík 17/4.-09 Sig Björnsson

№ 58

69.

~~Herra~~ Anna Benediktsdóttir

v.k. Grettisgötu 38

| | Kr. | Aur. |
|---|---|---|
| á að greiða í bæjarsjóð árið 1909: | | |
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . | 4 | . |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 4 | 4 |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á. en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík.* MARZ ~~15. apríl~~ *1909.*

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

Gutenberg 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undir Skrifuð finn mig
knúða til að tilkynna hinni
heiðruðu Niður jöfnunar nefnd
Reykjavíkur bæar að jeg vegna
fátæktar og i Samanburði við
Bæar gjald sem lagt er á Suma
efna menn hjer i næstu Húsum
finnst mjer Sem að ~~það~~ það Bæar
gjald er hin hátt virta nefnd
hefur ætlað mjer að gjalda
Sé ekki Sann girni Segja álagt
því jeg hugsa að það gæti ekki
annað verið enn það Sé hinni
kunnugt að jeg hefi tekið ómaga
að fram færa og hygg jeg að
það muni valla vera mjer einni
meir ætlandi enn að annast
það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og verdur þad því mitt
hlut fall ef ad Mjer er of
þúngt Med of mikla gjaldi ad
jeg hætti ad komast af stirkt
laust med þessa Familíu mína
þess vegna er þad i eina ardi
ad seigja ad jeg get ekki gold
id svo hátt Bælar gjald sem
mjer er nú ætlad og þar ad
auki finn jeg ekki ad ástædur
mínar sjeu betri enn þær
hafa verid og svo Mundu og
fleiri sem til þekkja bera sama
vitnisum þad
Mýri 19 April 1909
Reykja vík
Jafetína Jónasar dóttir

Til
Nidur jöfnunar Nefndarinnar
i
Reykjavík

Fesa lífteyppings 3000 kr.
1 uppkomin son

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

71.

Hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur þóknast að gjöra mjer 4 krónu aukaútsvar, samkvæmt seðli sem jeg hefi nýlega meðtekið. upphæð þessi er að vísu ekki há. en þó svo að mjer er alls ekki unnt að greiða hana, jeg er nú vinnukona en sökum heilsuleisis vinn jeg aðeins fyrir fæði og allra nauðsynlegasta hversdags fatnaði; þar á ofan er jeg í stórum skuldum síðan maðurinn minn sálugi drukknaði.

Af framan sögðu. sem hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur eðlilega ekki verið kunnugt um, mælist jeg til að hinar umræddu 4 krónur sjeu strikaðar út, því þótt jeg sem þó er tvísýnt kunni að geta í nokkurn tíma enn komist hjá að leiðast styrks. finn jeg mjer alls ómögulega til að greiða útsvar eða skatta

Virðingarfyllst

Reykjavík 19 April 1909

Guðríður Magnúsdóttir
Miðstræti 7

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

72

Til hinnar heiðruðu Niðurjöfnunarnefndar

í Reykjavík.

Eg undirritaður, leyfi mér að biðja hina heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík að færa niður Aukaútsvar mitt fyrir árið 1909. sem mér þykir of hátt, í samanburði við nokkra samverkamenn ~~mína~~ er vinna í sama fjelagi, og hafa meiri laun en minna útsvar, og heimilisástæður ekki verri en ég. Mér finnst ekki ástæða til að nefna þessa menn. Eg get ekki sjeð hvaða ástæður hin heiðraða Niðurjöfnunarnefnd hefur haft til að hækka svo mjög á mér útsvar í ár. Enda álít ég að það stafi aðallega af ókunnugleik. Ástæður mínar eru þá alls ekki góðar, þar sem ég hef mjög heilsulitla konu fatlað barn og gamla og uppgefna móðir (70 ára) er ég verð að styrkja í fjárlögð.

Eg vona fastlega að hin heiðraða Niðurjöfnunarnefnd taki þessar upplýsingar til greina og hækki ekki á mér útsvar í ár.

Virðingarfyllst.
Jón Ögmundsson

Vitastíg No 8. Reykjavík 20 April 1909

Gísli Jónsson Laug. 50 B sömu laun, en ómagalaus.
Guðm. Helgason Grett. 43 hærri laun, efnaður, 1 barn
Ólafur Þórðarson ib. hærri laun, 1 barn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

73

Hjermeð leyfi jeg mjer að geta þess við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að jeg get ekki sjeð að sanngirni sje gætt í niðurjöfnun útsvara þetta ár, hvað mig snertir, þar sem lagt er á mig 100 króna útsvar.

Jeg vil skýra frá því að jeg hef 2440 kr. í laun, og svo er jeg ennfremur að nafni eigandi að húsinu nr. 6 í Laufásvegi, sem er metið undir 12000 kr., en svo er jeg í skuld um hjer um bil 10000 kr af húsverðinu við Landsbankann, og af henni verð jeg að borga um 1000 kr. á ári. Þaraf má sjá að þá fer að ganga nokkuð á laun mín; fyrir konu og barni hef jeg einnig að sjá.

Nú vil jeg aptur geta þess, að kennari Pálmi Pálsson hefur að eins 135 kr. útsvar, en hefur fyrst og fremst 2870 kr. en sín laun fyrir umsjónarstörf við mentaskólann, reiknings-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hald og við skólann auk kauplausrar íbúðar í skólahúsinu, en hefur ekki fyrir fleirum að sjá enn jeg.

Ennfremur vil jeg geta þess, að að reikningsskoðari Mr. Lamb, sem jeg heyri að hafi í laun £200 (nemar 3600 kr.), hefur sama útsvar, sem jeg. En samkvæmt því, sem jeg nú hef tekið fram, get jeg ekki betur sjeð enn að þessar niðurjafnanir sjeu fjarri öllum sanni, og legg jeg nýjer því að óska nýrrar athugunar á þessu, og að útsvar mitt verði fært niður um fullan helming.

Reykjavík 20. april 1909

Virðingarfyllst

Halldór Briem.

Til

Niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

74

Jeg undirrituð Dilja Jónsdóttir vinnukona, Tjarnargötu 3., leyfi mjer hjermeð að kæra til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar yfir útsvari því að upphæð 4 kr. sem á mig hefur verið lagt.

Kaup mitt er 7 kr á mánuði og jeg hef fyrir öldruðum og bláfátækum foreldrum að sjá. Er jeg því alls ekki aflögufær, og þykir líka hart að þurfa að borga jafn hátt útsvar, og fjöldi af vinnukonum, sem hafa hærra kaup og þurfa ekki að sjá fyrir neinum.

Leyfi jeg mjer því að fara þess á leit að niðurjöfnunarnefndin felli burt útsvar mitt eða færi það niður að miklum mun.

Reykjavík 17. apríl 1909.

Virðingarfyllst.

Dilja Jónsdóttir

Til

niðurjöfnunarnefndar

Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hin heiðraða niður-
jöfnunarnefnd hefur lagt
6 kr. útsvar á mig, og nefnir
mig í niðurjöfnunarskránni
„forstöðukonu", en jeg er
engin forstöðukona, held-
ur vinnukona. Þar sem
nefndin hefur haft þá
reglu að leggja 4 kr. út-
svar á vinnukonur, virð-
ist mjer ósanngjarnt, að
jeg hafi hærra útsvar. Jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi mjer því að fara
þess á leit, að útsvar mitt
verði sett niður í 4 kr.

Reykjavík, Bókhlöðustíg 2,
19. apríl 1909.
Virðingarfyllst
Elísborg Bjarnadóttir.

Hjer með vottast, að ofannefnd
Elísborg Bjarnadóttir er
vinnukona hjá mjer, og
engin forstöðukona.
Guðleifur Jónsson,
póstafgreiðslum.

Til
niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

76

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur ákveðið útsvar mitt 25 kr. þetta ár, um mjer þykir afhátt. Að vísu hef jeg sem stendur góða atvinnu sem forstöðukona kjólaverkstæðis við verslunina Edinborg og ef jeg hefði þá atvinnu allt árið, skyldi jeg ekki hafa haft á móti að borga þessar 25 kr., en verkstæði þetta hættir í maílok, og þá stend jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppi atvinnulaus. Niðurjöfn-
unarnefndin hefur neitað útsvar-
ið við það, að jeg hefði allt árið
þá atvinnu, sem jeg hef nú,
en þar sem jeg hef hana ekki
nema 5 mánuði af árinu, og
atvinnan hina 7 mánuðina er
alveg óviss, finnst mjer, að
nefndin geti ekki annað en
lækkað útsvar mitt, og virðist
það sanngjarnt, að það sje
sett eins og hjá öðrum sauma-
konum, t.d. Hedvig Bartels
og Guðrúnu Þorkelsdóttur, sem
báðar hafa lækkað útsvar.
Jeg er að líkindum betur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stödd en þau 5 mánuði, en að
þeim liðnum, ver stödd en
þar, sem búnar eru að hafa
verkstæði lengi.

Jeg leyfi mjer því að
fara þess á leit, að útsvar
mitt verði sett niður í
10-tíu-krónur.

Reykjavík 19. apríl 1909
Virðingarfyllst
Jórunn Hörðardóttir

Til
niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

77

№ 1195

~~Herra~~ Halldóra Einarsdóttir

Skr. Lind. 25

á að greiða í bæjarsjóð árið 1909:

| | Kr. | Au. |
|---|---|---|
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . | 4 | 9 |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 4 | " |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á. en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, verður það tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík,* MARZ *1909.*

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

Gutenberg 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg finn mig ekki skilda
að borga þetta gald, þar ég er
ekki tvílug fyr en að ári
síðasta janúar

Með virðingu

Halldóra Einarsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

78.

Eg undirskrifaður verð að skýra hinni heiðruðu Niðurjöfnunar nefnd Reykjavíkur frá því að jeg vegna ástæðu minna er ekki fær um að borga þær 6 krónum sem hún hefur til tekið að jeg skildi gjalda til fátækra sjóðs Reykjavíkur bæjar þar sem jeg fæ hjálp til að borga húsaleigu og vegna heilsu lasleika get ekki í almenna vinnu gengið enn þar að auki hef þrengt hús um að borga sem að jeg hef hjálp út sjón með að jeg geti forsorgað

Bergstaða Stræti 31. 17 April 1909

Reykjavík

Árni Árnason

Til
Niðurjöfnunar nefnd
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

79.

Reykjavík,
16. April 1909.

Hér með leyfi ég mér að skýra hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur frá, að bróðir minn Þorvaldur Hjartansson söðlasm. í Grettisgötu 10. er ekki heimilisfastur maður hér í bænum, heldur hefur hann þetta ár, aðeins dvalið hér frá því snemma í Október til byrjun vertíðar; vil ég því, samkvæmt ósk hans sjálfs beiðast þess, að aukaútsvar það, sem honum hefur hér verið sett, að upphæð Kr. 16,00 sé eftirgefið.

Heimili hans er á Breiðabólsstað í Fljótshlíð og borgar hann í þeim hrepp fullt aukaútsvar eins og undanfarandi ár.

Virðingarfyllst.

Halldór Hjartansson

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

80.

Við það að athuga niðurjöfnunarskrána í þetta sinn þá dylst mjer ekki að þar er margt sem lagfæringar þarf, og skal jeg í stuttu máli benda á fáein atriði af afar mörgum, sem frá mínu sjónarmiði, eru gjörsamlega óviðunanleg.
Hvort það aukaútsvar sem mjer er gjört að greiða sje of hátt, skal jeg ekki deila um, en sje það ekki þá er jeg þess fullviss að útsvör mjög margra meðborgara eru mikils til of lág, og skal jeg leyfa mjer að benda hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd á nokkur dæmi.
Fyrst skal jeg skýra frá mínum ástæðum á liðnu ári.

Í byrjun Ágúst mán 1907 lagðist tengdamóðir mín Ragnhildur sál. Þorsteinsdóttir, og varð sú lega árlöng banalega, hún dó í Ágúst 1908 eptir margar og all kostnaðarsamar lækninga tilraunir.
Það er annað atriði að í Apríl 1908 lagðist konan mín mjög þungt haldin og lá hún fram á sumarið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og þá hún varð flutningsfær varð ég (að læknis ráði) að koma henni fyrir í sveit, og börnum okkar öllum, þá varð ég einnig að koma tengdamóður minni fyrir.

þriðja atriðið er atvinnan,
Um það leiti sem konan mín lagðist fékk ég fyrst vinnu en varð þó mikið að tefjast frá vinnuni vegna veikinda þeirra beggja. en atvinnu tímin varð ekki lengur en til 3 oktober. síðan hef ég verið vinnu laus sem ekki mun einsdæmi í þetta sinn þó miður.
þessi áföll sem að framan eru greind hafa kostað mig um 600 krónur, og má heita að það sé jafn stór upphæð eins og árstekjurnar.

það sem hér er skráð er alt satt.

þegar ég ber þessar ástæður saman við aðra, þá stendur það ljóst fyrir mér að hér ekki um neina smá gjöf er að ræða.

1. t. d. skal ég taka Ágúst Jónsson skósmið bergst. str. 35 með 15 kr [illegible], hann hefur fasta og vissa atvinnu og svo tengdaföður sinn sem mun vera honum þarfur, als 4 menn í heimili.
2. Árni Jóhannsson skrifari Bjarka. hans tekur eru án efa þrefalt meiri en mínar heimilis fólk 3 menn móti 6 hjá mer, en þó er vinn gjöf 25 kr á hvorum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Eiríkur Elísson trésmiður einhleypur dugnaðar maður, hefur haft mjög góða atvinnu, útsvar gjaldi 25 Kr

4 Flosi Sigurðsson trésmiður 14 Kr útsvar hafði mjög góða atvinnu á liðnu ári; og hefur ekki fleira fólk en sig og konuna ?

5, Guðbjörn Guðbrandsson hefur fasta og góða atvinnu, en útsvar aðeins 10 Kr.

6. Guðjón Jónsson málari hefur 16 Kr útsvar, einhleypur dugnaðar maður hefur nýkeypt hús hér í bæ, og mun hafa borgað talsvert af andvirði þess út í hönd.

7, Jens Eyjólfsson trésm. hefur 25 Kr útsvar hefur haft góða vinnu, og hefur verið 2 menn aðra en sjálfan sig til vinnu

8. Ólafur Teodórsson trésm. hefur 14 Kr. útsv. hefur daglegan námspilt, og gjör vissum að ekki vildi hann skipta að slétta á sínum eigum fyrir mínar.

Fjölda mörg dæmi þessu lík má finna, en ég læt þessi nægja.

Ég er þess full viss að allir þessir menn sem hér er getið ætta að rétta lagi að hafa að mun hærra útsvar en ég, en en engir minna.

Ég leyfi mér því virðingarfyllst, að skora

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á sinn hátt virta niðurjöfnunarnefnd að leiðrétta þetta.

Virðingarfylst

Reykjavík 15 april 1909

Högni Finnsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁRNI JÓHANNSSON
biskupsskrifari

Bjarka v. Grundarstíg
Reykjavík, 30-4-1909.

Mér hefir verið tjáð að nágranni minn Högni trésmiður Finnsson hafi kært yfir útsvari sínu til bæjarsjóðs yfirstandandi ár og borið sig saman við mig, ásamt fleirum, í því skyni að fært yrði niður útsvar hans eða aukið við útsvör þeirra, er hann hefir nefnt til samanburðar.

Á okkur Högna hefir verið lagt jafnt útsvar, 25 krónur. En hann kvað halda því fram, að árstekjur mínar muni vera þrefalt meiri en sínar.

Að vísu er mér ekki kunnugt um árstekjur Högna. Eg get trúað að þær séu litlar. En engri átt getur það náð, að þær séu þrefalt minni en mínar, eða neitt líkt því.

Eg hefi enga atvinnu aðra en skrifarastörf hjá biskupi, með 70 kr. launum á mánuði, eða 840 kr. um árið. Þriðjungur af því er 280 kr. Og ef árstekjur Högna væri ekki meiri en það, mundi hann alls ekki geta framfleytt fjölskyldu sinni; nema svo sé, að hann njóti arðs af eignum, sem mér er ókunnugt um.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég hafði mun betri kjör undanfarin tvö ár, eða yfir 100 kr. um mánuðinn, og má vera að menn ætli að ég hafi þau kjör enn. En svo er ekki, eins og þegar er greint.

Ég hefi fest kaup á húsi því, er ég bý í, keypt það af Högna, fyrir nær 6½ þús. kr., en skulda meiri hlut þeirrar fjárhæðar í Ísl. banka.

Högni á annað hús hér í nágrenni við mitt og allstóra lóð. En ekki veit ég hverjar skuldir hvíla á þeim eignum.

Högni á börn á ómaga-aldri, og ætti við nokkurt heilsuleysi að stríða síðastl. ár.

Ég er ómagalaus. Á einn son, sem jafnhliða námi hefir unnið fyrir nokkru kaupi og ekki verið okkur til þyngsla síðustu árin tvö.

Að minni hyggju er útsvar Högna Finnssonar of hátt, að því er ég þekki til gjaldenda yfirleitt.

Og að því athuguðu, sem ég hefi skýrt frá, er mitt útsvar einnig of hátt, og það til muna, miðað við þá, er líkar árstekjur hafa og svipaða hagi að öðru leyti. Ég hefi sem sé litið svo til, að eignalausir menn hér, með 800 – 1000 kr. árstekjum, greiði ekki hærri útsvör en 8 – 12 kr.

Útsvar mitt, 25 kr., var sanngjarnt meðan ég hafði 12-1400 kr. um árið, en nú of hátt.

Ég ætti t. d. að hafa hálfu lægra útsvar en Herbert Sigmundsson, yfirprentari í Ísafoldarprentsmiðju; hann er einhleypur maður með 14-1500 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaup. Hann hefir að eins 5 kr. hærra útsvar en eg.
Eg vona að háttvirt niðurjöfnunarnefnd sjái,
að ekki getur komið til mála að hækka út-
svar mitt frá því sem nú er.

Virðingarfylst

J. Jóhannsson

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur